

189 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, þriðjudaginn 10 júní kl.10.00 í Vínlandssetrinu í Búðardal.

Mætt voru; Ragnar Sæmundsson, Pétur Davíðsson, Sigurður Guðmundsson, Ingibjörg Þ. Steinudóttir, Jakob B. Jakobsson, Sigurbjörg Ottesen og Andrea Arnardóttir í forföllum Elínar Ó. Gunnarsdóttir. Einar Brandsson sat fundinn á Teams. Guðveig Eyglóardóttir, Júníana Óttarsdóttir og Jósef Kjartansson boðuðu forföll. Auk þess sat Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV fundinn og ritaði fundargerð.

Ragnar Sæmundsson, formaður SSV, setti fund kl.10.00

Dagskrá

1. Fundargerð frá 188 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 188 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

2. Kosning varaformanns og ritara.

Ingibjörg Þ. Steinudóttir var kosin varaformaður SSV og Sigurbjörg Ottesen ritari. Undir þessum lið var minnt á að send yrði inn tilkynningu um breytingar á stjórn SSV til Fyrirtækjaskrár skattsins.

3. Haustþing SSV 2025

Rætt um þema fyrir haustþing SSV sem fer fram á Akranesi 24 september 2025. Framkvæmdastjóra var falið að útfæra nánar þrjár hugmyndir að þema fyrir haustþing; Endurskoðun sveitarstjórnarlaga, samskipti ríkis og sveitarfélaga og byggðabragur.

4. Vegamál á Vesturlandi

Rætt um fjárveitingar til viðhalds vega á Vesturlandi árin 2025 og 2026. Nú liggur fyrir að í fjárhagsháttum er lagt til að verja 3 milljörðum til viðhalds vega, en eftir er að skipta fjárveitingunni á milli svæða. Einnig kemur fram í tillögu að fjármálaáætlun að gert sé ráð fyrir viðbótar fjárveitingu til viðhalds vega á árinu 2026 að upphæð um 7 milljarðar. Vegna þessa bókaði stjórn SSV eftirfarandi;

„Stjórn SSV lýsir yfir ánægju sinni með að ríkisstjórn hyggist verja auknu fjármangi til viðhalds vega, en eins og ítrekað hefur komið fram er gríðarleg þörf á Vesturlandi fyrir aukið viðhald. Jafnframt hvetur stjórn SSV til þess að unnið verði að því að hækka fjárveitingar til viðhalds og uppbyggingar vegakerfisins um allt land á næstu árum.“

5. Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktanir

SSV sendi inn umsögn um mál 351 lagafrumvarp um breytingar á veiðgjöldum og fóru Vífill Karlsson og Páll S. Brynjarsson á fund nefndarinnar og fylgdu umsögninni eftir. Ragnar Sæmundsson og Páll S. Brynjarsson fóru á fund fjárlaganefndar og fylgdu eftir

umsögn SSV um fjármálaáætlun. Umræða varð um val á lagafrumvörpum og þingsályktunum sem fá umsögn frá stjórn SSV. Formanni og framkvæmdastjóra var falið að kynna tillögu að verklagi við umsagnir á næsta stjórnarfund.

6. Gott að eldast

Á fundinn mættu Líf Lárusdóttir verkefnisstjóri og Laufey Jónsdóttir tengiráðgjafi og kynntu verkefnið Gott að eldast. SSV, fyrir hönd sveitarfélaganna á Vesturlandi, ásamt HVE og hjúkrunarheimilum á Vesturlandi taka þátt í verkefninu sem hófst í byrjun árs 2024. Í máli Lífar kom fram að unnið sé að samþættingu á þjónustu við eldri borgara um allt Vesturland. Stefnt er að því að stofna svokölluð MÓMA-teymi í öll sveitarfélögum fyrir árslok. MOMA er íslenskt matsverkfæri sem er notað til að meta heilsufar, færni og félagslega stöðu aldraðra einstaklinga með það að markmiði að ákvarða hversu mikla og hvers konar aðstoð eða þjónustu þeir þurfa.

Í kynningu sinni fór Laufey yfir verkefni tengiráðgjafa, en þau snúast um að skapa úrræði til þess að draga úr félagslegri einangrun eldra fólks. Auk þess kynnti Laufey niðurstöður úr könnun um hagi eldri borgara á Akranesi og þau verkefni sem framundan eru á vegum tengiráðgjafa á næstu mánuðum.

Eftir kynningar starfsmanna varð umræða innan stjórnar um verkefnið

7. Samstarfsyfirlýsing við HVE

Lögð fram endurskoðuð drög að samstarfsyfirlýsingu á milli SSV og HVE. Jafnframt rætt um mögulegt samstarf HVE og SSV við markaðssetningu á starfsstöðum HVE á Vesturlandi fyrir mögulega umsækjendur um störf. Stjórn SSV samþykkti samstarfsyfirlýsinguna og fól framkvæmdastjóra að vinna áfram með HVE um að þróa tækifæri til markaðssetningar.

8. Af vettvangi Sambandsins

Einar Brandsson fór yfir helstu verkefni á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Einar kom sérstaklega inn á umræðu um fasteignaskatt sveitarfélaga, endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga og endurskoðun sveitarstjórnarlaga. Undir þessum dagskrárlið var fundargerð frá 980 fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga framlögð

9. Dalabyggð

Á fundinn mætti Bjarki Þorsteinsson sveitarstjóri í Dalabyggð og fór yfir þau mál sem eru efst á baugi hjá sveitarfélaginu. Í máli Bjarka kom fram að mikil uppbygging er í Dalabyggð, íbúum hefur fjölgað á árinu og eru nú 679. Unnið er að byggingu íþróttamannvirkja í Búðardal sem er stærsta framkvæmd sem Dalabyggð hefur ráðist í, en einnig er uppbygging á íbúðahúsnæði í gangi og í undirbúningi er uppbygging á atvinnuhúsnæði. Verkefnið DalaAuður gengur mjög vel. Því megi segja að almenn bjartsýni ríki sveitarfélaginu.

10. Framlögð mál

Undir þessum lið kynnti Jakob B. Jakobsson að ríkisstjórnin hyggist funda í Stykkishólmi dagana 14 og 15 ágúst n.k. Í tengslum við fundinn vilji ríkisstjórn funda með fulltrúum sveitarfélaganna á Vesturlandi og SSV.

Fundi slitið kl.12.20